



Fundargerð

Þriðjudaginn 18. júní 2019 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Péturína L. Jakobsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Sigurgeir Þór Jónasson. Auk þess sátu fundinn: Ásdís Ýr Arnardóttir, félagsmálastjóri og Alexandra Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Breyting í stjórn

Fyrir fundinum lá erindi frá sveitarstjóra Blönduósbæjar dags. 13. júní 2019 þar sem tilkynnt var að á 68. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar sem haldinn var þann 11. júní sl. hafi Sigurgeir Þór Jónasson verið kjörinn forseti sveitarstjórnar Blönduósbæjar en á fundinum var jafnframt samþykkt að hann myndi taka sæti Rannveigar Lenu Gísladóttur í stjórn byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu A-Hún fyrir hönd Blönduósbæjar. Stjórn þakkaði Rannveigu Lenu fyrir samstarfið og bauð Sigurgeir Þór velkominn til starfa.

2. Ársreikningur 2018

Rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu 204,7 millj. króna árið 2018 en voru 186,1 millj. kr. árið 2017 og höfðu því hækkað um 10% á milli ára. Rekstrargjöld námu 200,6 millj. kr. og fjármagnsgjöld 3,8 millj. kr. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 0,1 millj. kr. í samanburði við 10,6 millj.kr. jákvæða niðurstöðu 2017.

Stjórn ræddi reikninginn en samþykkti hann svo og undirritaði.

3. Merki Félags- og skólaþjónustu A-Hún

Fyrir fundinum lá tillaga að merki (logo) fyrir byggðasamlagið. Tillagan var samþykkt af stjórn.

J.G.
SJS
PLS ORU JMA



4. Starfsmannahald

Fyrir fundinum lá tímabundinn ráðningasamningur við félagsmálastjóra í afleysingum. Ásdís Ýr Arnardóttir lýsti sig vanhæfa til þess að sitja fundinn undir þessum lið og vék af fundi. Stjórn ræddi samninginn og samþykkti hann svo.

5. Skýrsla félagsmálastjóra

Í skýrslu félagsmálastjóra var farið yfir það sem hefur helst verið unnið með hjá félagsþjónustunni síðustu mánuði. Heimþjónusta er með aðeins breyttu sniði og lögð meiri áhersla á liðveislu. Meira um yngri skjólstaðinga en áður. Það vantar úrræði svo hægt sé að styðja við hæfingu eða iðju inn á heimili. Átak hefur verið gert í innheimtu skulda við Félags- og skólaþjónustuna. Stefnt er að því að byrja á að halda nemendaverndarráðsfundi með stjórnendum leikskóla með haustinu. Samstarf við skóla gengur vel. Þá kom fram að félagsmálastjóri teldi þörf á endurskoðun á þjónustu við fullorðið fatlað fólk á svæðinu, en að málefni fatlaðra barna væri í góðum farvegi. Til að bregðast við þörf var gengið til samninga við sjálfstætt starfandi fjölskylduráðgjafa sem er með viðveru tvisvar sinnum í mánuði. Ráðgjafinn sinnir bæði fjölskyldu- og einstaklingsráðgjöf fyrir einstaklinga sem glíma við félagslega erfiðleika. Umræður urðu um skýrslu félagsmálastjóra en engar ályktanir gerðar.

Þá voru eftirfarandi liðir teknir fyrir til samþykktar:

- a. **Reglur um fjárhagsaðstoð:** Kynntar voru breyttar reglur um fjárhagsaðstoð sem hlotið hafa samþykki félagsmálaráðs A-Hún. Stjórn ræddi reglurnar og samþykkti síðan.
- b. **Verklagsreglur vegna viðbragða við heimilisofbeldi:** Kynntar voru nýjar verklagsreglur vegna viðbragða við heimilisofbeldi. Reglurnar voru samþykktar á fundi félagsmálaráðs/barnaverndarnefndar Félags- og skólaþjónustu A-Hún þann 12. júní 2019. Stjórn ræddi reglurnar og samþykkti síðan.

6. Hnithjörg, endurgerð íbúðar

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu framkvæmda og breytinga á upphaflegu kostnaðarmati. Var framkvæmdastjóra falið að halda áfram með verkefnið. Framkvæmdastjóri greindi einnig frá því að talsvert hafi verið um leka frá þaki húsnæðisins síðustu mánuði en beðið væri eftir

f.l.
SPT
PLJ
DRÚ
JMA



úttekt á ástandi þaksins og umfangi endurbóta áður en ákvarðanir verða teknar um framhaldið.

7. Nýtt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk á Blönduósi

Fyrir fundinum láu grunnmyndir af tillögum að nýju húsnæði fyrir fatlað fólk sem fyrirhugað er að reisa á Blönduósi. Þar er horft til einstaklingsíbúða fyrir íbúa sem er breyting frá sambýlisformi sem hefur verið á heimilinu að Skúlabraut 22 en tillögurnar hafa verið unnar í samstarfi við þá sem fara með málefni fatlaðra hjá sveitarfélaginu Skagafirði og aðra sem tengjast málaflokknum. Framkvæmdastjóri kynnti tillögurnar og ræddi ásamt stjórn. Þá lá fyrir fundinum hönnunarsamningur við Form ráðgjöf sem hefur séð um arkitektavinnu í tengslum við byggingu á íbúðunum. Framkvæmdastjóri kynnti samninginn sem stjórn samþykkti og fól framkvæmdastjóra að undirrita.

8. Erindi Blönduósbæjar vegna móttöku flóttamanna.

Fyrir fundinum láu erindi Blönduósbæjar frá 31. maí og 13. júní þar sem fram kemur að Blönduósbær hafi þann 16. maí sl. undirritað samning við Félagsmálaráðuneytið um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks árin 2019-2021. Samningurinn gerir ráð fyrir móttöku, aðstoð og þjónustu við 21 flóttamann, þar af 13 börn yfir 24 mánaða tímabil. Þá lá einnig fyrir fylgiskjal þar sem fram kemur sundurliðun áætlaðra kostnaðarliða sem falla til vegna verkefnisins. Með vísan til m.a. 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna Félagsmálaráðuneytisins um móttöku og aðstoð við félagslega þáttöku flóttafólks óskar Blönduósbær eftir formlegri aðkomu byggðasamlagsins um félags- og skólaþjónustu við móttöku fólksins. Stjórn fól framkvæmdastjóra og félagsmálastjóra að vinna að samkomulagi um verkefnið við Blönduósbæ.

PLJ f. u. JNA
SPJ
DRÍ



9. Önnur mál

Engin mál tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 15.55

Jón Guðlason
Jón Gíslason,

Péturína L. Jakobsdóttir
Péturína L. Jakobsdóttir

Dagný Rósa Úlfarsdóttir
Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Sigurgeir Þór Jónsson
Sigurgeir Þór Jónsson

Ásdís Ýr Arnardóttir
Ásdís Ýr Arnardóttir

Alexandra Jóhannesdóttir
Alexandra Jóhannesdóttir